

## Tillaga

**Viðtakandi:** Bæjarráð  
**Efni:** Viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2024  
**Dags:** 14. september 2024  
**Málsnúmer:** 202303627/2.5  
**Sendandi:** Pétur Jens Lockton, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

### Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki viðauka 2 við fjárhagsáætlun ársins 2024. Heildaráhrif viðaukans á fjárhagsáætlun ársins eru þau að rekstrarniðurstaða lækkar um 15,1 m.kr, fjárfestingar aukast um 19 m.kr. og handbært fé lækkar um 34,1 m.kr.

### Sundurliðun viðauka:

#### 1. Framlög til Ungmennafélagsins Aftureldingar - 202203831

Lagt er til að framlög til Ungmennafélagsins Aftureldingar verði hækkuð um 10 m.kr. á árinu 2024. Breytingin lækkar rekstrarniðurstöðu og handbært fé.

Deild	Fjárhæð
06810 Ungmennafélagið Afturelding	Hækkun rekstrarkostnaðar
Lækkun á handbæru fé	Samtals
	<b>10.000.000</b>

#### Greinargerð:

Á 1633. fundi bæjarráðs var samþykkt að gera viðauka við gildandi samstarfssamning milli Mosfellsbæjar og Aftureldingar í samræmi við fyrirbyggjandi tillögu. Samkvæmt tillögunni kemur hækkun framlags ársins 2024 til lækkunar á framlögum ársins 2025.

#### 2. Matarþjónusta að Eirhömrum - 202408164

Lagt er til að kostnaður vegna kaupa á matarþjónustu af Eir á Eirhömrum verði hækkuð um kr. 600.000. Breytingin lækkar rekstrarniðurstöðu og handbært fé.

Deild	Fjárhæð
02450 Matarþjónusta keypt af Eirhömrum	Hækkun rekstrarkostnaðar
Lækkun á handbæru fé	Samtals
	<b>600.000</b>

#### Greinargerð:

Á 1638. fundi bæjarráðs var samþykkt niðurgreiðsla á máltíðum þeirra einstaklinga sem þurfa á heimsendingu matar að halda en viðkomandi greiða 70% af kostnaðarverði máltíða frá Eir. Var fjármála- og áhættustýringarsviði falið að meta hvort útbúa þurfi viðauka við fjárhagsáætlun vegna tillögunnar. Mat fjármála- og áhættustýringarsviðs er að gerður sé viðauki við fjárhagsáætlun í samræmi við samþykkt bæjarráðs og reglur um viðauka við fjárhagsáætlun.

#### 3. Kaup á flygli fyrir Listaskóla Mosfellsbæjar - 202409146

Lagt er til að fjármagn vegna búnaðarkaupa hjá Listaskóla Mosfellsbæjar verði aukið um 4,5 m.kr. til að mæta hluta af kostnaði við kaup á nýjum flygli. Breytingin lækkar rekstrarniðurstöðu og handbært fé.

Deild	Fjárhæð
04501 Kaup á flygli fyrir Listaskóli Mosfellsbæjar	Hækkun rekstrarkostnaðar 4.500.000
Lækkun á handbæru fé	Samtals <b>4.500.000</b>

**Greinargerð:**

Á 1638. fundi bæjarráðs var samþykkt að kaupa flygil fyrir Listaskóla Mosfellsbæjar í samræmi við fyrirbyggjandi tillögu. Samkvæmt tillögunni er verð á nýjum flygli 8,5 m.kr., leggur skólinn til 4,0 m.kr. auk þeirra 4,5 m.kr. sem veittar eru með þessari tillögu að breytingu á fjárhagsáætlun.

**4. Eldhústofa við Reykjakot, nýframkvæmd - 202308506**

Lagt er til að fjárfestingaáætlun Eignasjóðs vegna húsnæðis leikskólans Reykjakots verði hækkuð um 19 m.kr. til að mæta kostnaði vegna viðbótar- og aukaverkefna. Breytingin hækkar fjárfestingaáætlun og lækkar handbært fé.

Deild	Fjárhæð
Eignasj. Eldhústofa við leikskólann Reykjakot	Hækkun fjárfestinga 19.000.000
Lækkun á handbæru fé	Samtals <b>19.000.000</b>

**Greinargerð:**

Á 1638. fundi bæjarráðs var samþykkt aukið fjármagn vegna viðbótar- og aukaverkefna vegna framkvæmda við leikskólann Reykjakot í samræmi við fyrirbyggjandi tillögu.

Jafnframt var fjármála- og áhættustýringarviði falið að meta hvort gera þurfi viðauka við fjárhagsáætlun vegna tillögunnar. Samkvæmt upplýsingum frá Eignasjóði er þörf á viðauka við fjárhagsáætlun og því er lagt til að gerður sé viðauki við fjárhagsáætlun og fjárfestingaáætlun Eignasjóðs hækkuð um 19 m.kr. vegna verkefnisins.

Meðfylgjandi er yfirlit sem sýnir áhrif viðaukans á rekstur, efnahag, sjóðstreymi og fjárfestingayfirlit.

*Virðingarfyllt,  
Pétur Jens Lockton*

**Fylgiskjal:**

1. Áhrif viðauka 2 á fjárhagsáætlun 2024.